

Stjórnarfundur SK haldinn í K-húsinu 10.10.2008

Mættir: Guðmundur, Guðrún, Sigurbjörg, Þórhildur og Lilja.

Þórhildur, Falur og Júlíus gátu ekki mætt.

1.mál Fundargerð

Fórum yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

2. málNiðurstöður heimsóknna í skóla og stöðu skráninga í Felix

Sóley þjálfari tók það að sér að kynna sundstarfið í skólum hér í Keflavík í síðustu viku og hefur sú kynning nú þegar skilað nýjum sundiðkendum.

Smá ósamræmi er í skráningum og fjölda þeirra sem mæta á æfingar og verður farið yfir skráningar og þær lagfærðar.

Sundiðkendur skiptast niður í eftirtalda hópa (en þá eru ekki þeir með taldir sem bæst hafa við nýverið):

6 börn eru í hópi 1
8 börn eru í hópi 2
12 börn eru hópi 3
18 börn eru í efra hópi
37 börn eru í neðri hópi
16 í Hákörlum
17 í Höfrungum
9 í Selir
6 í Sæhestar
18 í Sílum

3.mál Stofnun foreldraráðs (SK sundmenn í Vatnaveröld, sem ekki eru komin í ÍRB hópa)

Ákveðið að bíða með "formlega" stofnun foreldraráðs. En á síðasta foreldrafundi var ákveðið að stofna foreldraráð. Nánar síðar.

4.mál Önnur mál

Sú hugmynd um að gefa út bækling og kynna sundstarfið var kveðin niður og sú tillaga að setja auglýsingu í Víkurfréttir eftir áramót fékk betri hljómgrunn..

Fórum yfir reglur sundsjóðsins og ákveðið að bæta við tillögum að nýjum reglum, þar sem m.a. verður kveðið á um að heimilt verður að nota sundsjóð í kaup á ÍRB galla og öðrum búnaði fyrir æfingar og keppni. Reglur sundsjóðsins verða afgreiddar formlega á stjórnarfundum við fyrsta tækifæri og síðan settar á heimasíðu sunddeildar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.20.40

Næsti fundur boðaður sérstaklega.

Ritari Guðbjörg Lilja Jónsdóttir